SPRETTHÓPUR KSÍ

Fyrirkomulag Bestu deildar kvenna

Greining og valkostir



Hópurinn

Daði Rafnsson

Ásgerður Stefanía Baldursdóttir

Guðbjörg Fanndal Torfadóttir

Helga Helgadóttir

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

Kristján Kristjánsson

Linda Hlín Þórðardóttir

Reimar Pétursson

Axel Kári Vignisson (KSÍ)

Birkir Sveinsson (KSÍ)

Erindi og tímamörk spretthópsins

Spurning 1

Hver er reynslan af núverandi fyrirkomulagi og úrslitakeppninni?

Spurning 2

Hvaða áhrif hefði fjölgun liða úr 10 í 12?

Spurning 3

Á úrslitakeppnin að haldast óbreytt, taka breytingum eða falla niður?

Meta skal áhrif á sjö þáttum

- Íþróttaleg gæði og samkeppni
- Þróun leikmanna
- Aðsókn og sýnileiki
- Markaðsvirði og miðlun
- Rekstrarforsendur félaga
- Lengjudeild og aðrar deildir
- Leikjadagatal og keppnistímabil

Samantekt í tölum

Deildin er jafnari en áður, en aðsóknin er dræm, leikjafjöldinn er ójafn og fjöldi erlendra leikmanna hefur stækkað.

21,6%

leikja unnust með 3+ mörkum 2026

Var 36,0% árið 2025. Jafnasta tímabil úrtaksins

23 / 21

leikir efri og neðri hluta

Tímabil neðri liða lýkur þrem vikum fyrr

2–12

af 21 leik án þýðingar

Flest 2023 og 2025, aðeins 3 árið 2026

154

áhorfendur í deildarkeppni 2026

Var 173 árið 2022. Fjölmennasti leikur ársins dró 1.232

2,4 → 5,1

erlendir leikmenn á lið

2024 til 2026. Meðalaldur óbreyttur, 22,9 til 23,6 ár

1.495 leikir í þremur efstu deildum 2022 til 2026.

Hverju hefur úrslitakeppnin skilað?

Markmiðum breytinganna frá 2023 hefur að mestu verið náð, en úrslitakeppnin er ekki alltaf spennandi til loka.

Það sem gögnin sýna

- Skiptingin breytir röðinni: 2024 enduðu níu af tíu liðum í öðru sæti en við skiptingu og efsta liðið missti titilinn
- Árið 2025 dró efri hlutinn um helmingi fleiri áhorfendur en meðalleikur í deildarkeppninni, en of mikið af áhorfendatölum vantaði til að meta áhrifin 2026.
- Deildin er jafnari og fleiri lið gera sig gildandi

Það sem stendur eftir

- Neðri hlutinn spilar tveimur leikjum minna, lýkur þrem vikum fyrr og fær lægstu áhorfendatölur
- Titillinn ráðinn með 12 leiki eftir 2023 og 2025, en í lokaumferðunum 2024 og 2026
- Níu til tólf af 21 leik án þýðingar 2023 og 2025, en aðeins tveir til þrír 2024 og 2026

Skipting 5/5 gæfi öllum liðum 22 leiki og héldi áhrifum skiptingarinnar, en þá situr alltaf eitt félag hjá í hverri umferð úrslitakeppninnar. Ef úrslitakeppnin yrði lögð niður stæðu eftir 18 leikir, sem gefur stutt tímabil, eða þreföld umferð með 27 leikjum og ójöfnum fjölda heimaleikja.

Talan á við alla leiki sem eftir eru í deildinni, ekki umferðir. Tímabilinu 2026 lauk 23. október og það er nú meðtalið.

Aðsókn og sýnileiki

Aðsókn er lítil og sýnir ekki merki um að vera á uppleið.
Miðgildið er flatt og lágt, en leikir sem ráða titli eða falli draga fjögurra stafa áhorfendafjölda.

Keppnishluti	2022	2023	2024	2025	2026
Deildarkeppni	173	173	168	175	154
Efri hluti	—	163	138	227	120
Neðri hluti	—	140	126	111	252

Afstaða rétthafa sjónvarpsútsendinga

Vill halda núverandi fyrirkomulagi: hreinir úrslitaleikir í lok tímabils gefi deildinni besta tækifærið til að stækka út fyrir hefðbundinn áhorfendahóp. Telur ekki ráðlegt að fjölga í 12 lið að svo stöddu, því fleiri leikir auki framleiðslu- og dreifingarkostnað án samsvarandi tekjuaukningar og hætta sé á fleiri ójöfnum leikjum. Verðmæti aukist með gæðum fremur en magni, fastari leiktíma og samstarfi rétthafa, ÍTF, KSÍ og félaga.

- Fjölmennustu leikirnir: 1.625 í efri hluta 2024, 1.232 á Breiðablik gegn FH í maí 2026 og 1.095 á fallbaráttuleik í neðri hluta 2. október 2026.
- Áhorfendatölur vantar í 23 af 518 leikjum tímabilsins, þar af 12 leikir árið 2026 og 9 af 15 leikjum efri hluta.
- Gögn um útsendingar, streymi, umfjöllun og kostun þarf að sækja til KSÍ, réttindahafa og félaganna.

Miðgildi áhorfenda á leik úr leikskýrslum KSÍ. Miðgildi segir ekki frá stóru leikjunum. Tölur 2026 byggja á 6 af 15 leikjum efri hluta og 5 af 6 í neðri hluta.

Leikmannahópar: erlendir leikmenn og meðalaldur

Fjöldi leikmanna erlendis frá hefur tvöfaldast á tveimur árum. Meðalaldur hópanna hefur hins vegar staðið í stað, 22,9 til 23,6 ár öll tímabilin frá 2022.

Besta deild 2026	Erlendir	Hlutd. í leikjum	Hlutd. í mörkum	Meðalaldur	Leikir 20 ára og yngri
Grindavík/Njarðvík	13	42%	62%	23,2	19%
ÍBV	9	49%	90%	22,6	36%
Fram	5	34%	42%	23,9	23%
FH	4	25%	35%	21,6	42%
Þróttur R.	5	21%	35%	23,8	20%
Stjarnan	4	18%	10%	23,3	27%
Þór/KA	4	16%	29%	23,1	46%
Breiðablik	2	9%	5%	23,4	40%
Víkingur R.	3	8%	4%	23,1	32%
Valur	2	4%	21%	21,5	57%

11% → 22%

hlutdeild erlendra leikmanna í leikjum, 2024 til 2026 Grindavík/Njarðvík og ÍBV skera sig verulega úr. FHL árin áður.

40 + 30

atvinnumenn erlendis og leikmenn í háskólabolta vestanhafs, utan deildarinnar á hverju tímabili

4

erlendir leikmenn á lið í Lengjudeild 2026, með 41% marka

Flokkun: leikmaður án íslensks kenninafns með fyrsta skráða leik hér 19 ára eða eldri. Flokkun ársins 2026 var yfirfarin leikmann fyrir leikmann og leiðrétt.
Heimildir: Víðir Sigurðsson, Íslensk knattspyrna 2026, og Soccer & Education.

10 eða 12 lið

Nýliðar standa sig að öllu jöfnu vel. Af þeim 8 liðum sem komu upp 2023 til 2026 enduðu tvö í 3. sæti, eitt í 5. sæti, þrjú í 6. til 8. sæti og tvö í neðsta sæti.

Rök með 12 liðum

- Öll lið spila jafnmarga leiki og skipting 6/6 verður einföld
- Fleiri félög taka þátt og fleiri leikmenn fá leiki á hæsta stigi
- 2026 var jafnasta tímabil úrtaksins
- Toppbarátta Lengjudeildar var spennandi og bestu liðin fær um að keppa í efstu deild

Rök á móti 12 liðum

- Tvö neðstu lið koma við sögu í 29 til 50% allra leikja sem vinnast með 3+ mörkum
- Fjölgun um tvö félög myndi líklega fjölga ójöfnum leikjum fyrstu tímabilin
- Mögulegt að neðri hlutinn styrki sig með erlendum leikmönnum, með neikvæðum áhrifum á íslenska leikmenn

Leikjadagatalið er meiri hindrun. Tólf lið með 6/6 skiptingu gefa 27 leiki, fjórum til sex fleiri en nú, og tímabilið er þegar nær fullnýtt frá 15. apríl til 23. október. Það kallar á að byrja fyrr eða spila fleiri leiki á virkum dögum. Taka þarf tillit til þess að flestir leikmenn og einhverjir þjálfarar eru ekki atvinnumenn. Tólf lið án skiptingar gefa 22 leiki, sem passar vel inn í núverandi tímabil.

Noregur, Svíþjóð og Finnland byrja tímabilið í seinni hluta mars.

8 liða deild

Þegar síðustu fimm tímabil eru reiknuð út frá átta bestu liðunum fæst raunveruleg en ójöfn aukning í gæðum.

27,1% → 24,6%

leikir með 3+ marka mun

1,82 → 1,59

dreifing stiga í töflunni

Munurinn er mikill 2022 og 2025, þegar tvö neðstu liðin voru sérstaklega slök, en enginn 2024 og 2026. Árið 2026 hefðu Valur og Víkingur R. fallið út og leikir orðið örlítið ójafnari.

Möguleg áhrif

- Ungir leikmenn missa pláss: neðstu félögin spila flestum ungum leikmönnum og fjörutíu til fimmtíu leikmenn færu úr efstu deild
- Lengjudeildin yrði líklega 12 liða með breiðara gæðabili en hún hefur þegar
- Tvö færri bæjarfélög með efstu deild og færri félög sem bjóða afreksumhverfi
- Átta félög eru ekki endilega þau átta bestu
- Skilyrði: 24 til 28 leikir, varaliða- eða U21 keppni, og greið leið upp úr Lengjudeild

Tvö neðstu lið hvers tímabils eru valin eftir endanlegri stöðu.

Norðurlöndin og Skotland

Ólík fyrirkomulög, en löng tímabil eru víða og sum Norðurlönd nota umspil sem teygir sig niður í næstu deild.

Land	Lið	Fyrirkomulag	Tímabil
Ísland	10	18 umferðir, síðan skipting 6/4, 23 eða 21 leikur	miður apríl til miðs október
Noregur	12	Tvöföld umferð, engin skipting. Prófaði skiptingu 2021 og hvarf frá henni	20. mars til 7. nóvember
Svíþjóð	14	19 leikir á lið	28. mars til 15. nóvember
Danmörk	8 → 10	Úrslitakeppni sex efstu og umspil neðstu tveggja við fjögur lið úr deildinni fyrir neðan	haust til vors
Finnland	8	14 leikir, úrslitakeppni sex efstu og umspil neðstu tveggja við fjögur lið úr næstu deild	28. mars til október
Skotland	10, áður 12	18 umferðir, síðan skipting 6/4, 28 eða 24 leikir	haust til vors

Finnland hvarf frá tveimur leiðum

2009: 12 lið, tvöföld umferð. Of margir óspennandi leikir. 2010 til 2012: 10 lið, þreföld umferð, 27 leikir. Umgjörðin datt niður, tímabilið lengdist, minni klúbbar réðu illa við álagið og uppröðun varð erfiðari vegna landsliða og Evrópuleikja. Nú 8 liða deild..

Skotland fór í andstæða átt

Fækkað úr 12 í 10 og skipting tekin upp: samkeppni var undir meðaltali UEFA, deildin spilaði fleiri leiki en nokkur önnur í Evrópu og landsleikjahlé FIFA lengjast frá 2026. Skotar höfðu einnig áhyggjur af UEFA coefficient félaga sinna.

Tveir af valkostum hópsins eru fyrirkomulög sem Finnland hvarf frá. Það útilokar hvorugan, en rökstyðja þarf hvers vegna niðurstaðan yrði önnur hér.

Er tvöföld umferð hreinasta formið?

Veltur á því hvort að deildin eigi 12 lið sem þola bæði að keppa í efstu deild og halda úti liði á efsta stigi

Land	Fyrirkomulag	Rökstuðningur sambandsins
Skotland, konur	Úr 12 liðum í tvær 10 liða deildir frá 2025/26, 18 umferðir og skipting 6/4	Jafnræði undir meðaltali UEFA, fleiri leikir sem skipta máli, og færri leikir alls því deildin spilaði flesta leiki í Evrópu
Noregur, konur	Úrslitakeppni 2022, felld niður eftir eitt ár, þreföld umferð 2023, nú 12 lið og 22 leikir	Umsagnarferli: meirihluti félaga vildi þrefalda umferð og toppfélögin vildu úrslitakeppnina burt
Finnland, konur	8 lið efst og 10 í næstu deild frá 2025, tvöföld umferð og þrír úrslitahópar	Rekstrarleg rök: félög standa evrópskum að baki í starfsmönnum, samstarfssamningum, leikhraða og launum
Svíþjóð og Noregur	Hrein tvöföld umferð, 14 og 12 lið	Nógu mörg góð lið til að formið gangi upp
Belgía og Austurríki	Belgía aftur í 18 liða deild án úrslitakeppni 2026/27, Austurríki hættir og fer í gamla danska formið	Þróunin er misjöfn og markmiðin ólík
Ameríka	NWSL 16 lið og 30 leikir með úrslitakeppni, Mexíkó 18 lið í tveimur riðlum og aðeins 14 leikir, Brasilía einföld umferð og útsláttur	Ekkert fall, en úrslitakeppni

Rannsóknir á skosku skiptingunni

Aðsókn í neðri hluta mældist um 30% lægri, en munurinn hvarf þegar leikir voru metnir eftir andstæðingum. Áhrifin snúast um hverjum liðin mæta, ekki skiptinguna

Það sem hvergi liggur fyrir

Ekkert sambandanna hefur birt mat eftir á um hvort skiptingin skilaði því sem henni var ætlað.

Umsagnir hagsmunaaðila

Nítján umsagnir: sextán svör í spurningalista, tvær greinargerðir þjálfara og eitt erindi frá félagi. Flokkað eftir hlutverki, án nafna og félaga.

Hópur	Fjöldi	10 eða 12 lið	Úrslitakeppni
Þjálfarar í Bestu deild	7	Sex vilja 12 lið, einn vill frekar 10 lið með þrefaldri umferð	Fjórir fella niður, tveir breyta, einn halda
Fyrirliðar og leikmenn	6	Þrjú jákvæð, eitt með fyrirvara um erlenda leikmenn, eitt vill fara varlega	Fjögur fella niður eða stytta, eitt hlutlaust
Leikmannasamtök Íslands	1	12 lið	Fella niður
Félög og forsvarsmenn þeirra	3	Öll 12 lið	Eitt fella niður, tvö halda henni með 12 liðum
Skriflegar greinargerðir þjálfara	2	Bæði 12 lið	Önnur tvöföld umferð fyrst, hin tekur ekki afstöðu

17 af 19

styðja fjölgun í 12 lið. Ein vill frekar 10 lið með þrefaldri umferð og ein vill fara varlega þar til forsendur félaga eru tryggðar

12

vilja fella úrslitakeppnina niður eða leggja hana til hliðar. Tvær vilja breyta henni, þrjár halda henni með 12 liðum, ein er hlutlaus og ein tekur ekki afstöðu

Umsagnir leikmanna eru að mestu persónulegar og framkvæmdastjóri Leikmannasamtakanna tekur fram að hún skrifi ekki fyrir hönd leikmanna.

Hvað leggur hver hópur áherslu á?

Skiptingin er gagnrýnd í öllum hópum og enginn ver hana óbreytta. Áherslurnar eru hins vegar ólíkar eftir hlutverki.

Þjálfarar

- Ójafn leikjafjöldi og fall útkljáð á færri leikjum en titill
- Eitt lið í fallbaráttu fær einn heimaleik
- Ólík lokadagsetning skekkir hvíld og undirbúningstímabil
- 21 til 23 leikir of fáir fyrir þróun ungra leikmanna

Leikmenn og fyrirliðar

- Of langt milli leikja í lokin, vika til tíu dagar
- Leikmenn vilja spila, ekki æfa endalaust
- Klára fyrr, jafnvel í september, ekki í frosti í október
- Þýðingarlitlir leikir lækka tempó og skekkja titilbaráttuna

Félög og leikmannasamtök

- Úrslitakeppnin lengir tímabilið og eykur kostnað
- Tvöföld umferð er einfaldari, sanngjarnari og gagnsærri
- Lengjudeild lýkur fimm til sex vikum of snemma
- Strangara regluverk um samninga hjá liðum sem falla

Þar sem umsagnirnar greinir á

Þrjár umsagnir verja úrslitakeppnina og vilja fremur stækka hana en fella niður: þýðingarlitlir leikir séu til í öllum deildum en skiptingin auki líkur á hreinum úrslitaleik. Engin umsögn ver þó fyrirkomulagið óbreytt, því allar þrjár vilja fjölga í 12 lið um leið og hafa hlutana jafna. Hvorki leikmenn né rétthafi útsendinga vilja þá leið.

Utan erindisins: dómgæsla, fjölmiðlaumfjöllun, markaðssetning félaganna, þak á fjölda erlendra leikmanna og leikir á sama tíma í lokaumferð.

Valkostirnir átta

Sex fyrirkomulög sem spurt var um í erindinu og tvö sem hópurinn setur fram

Valkostur	Leikir á lið	Meginatriði
A. 10 lið, 18 umferðir + skipting 6/4 (óbreytt)	23 / 21	Ójafn leikjafjöldi stendur eftir. Rétthafi útsendinga mælir með óbreyttu
B. 10 lið, 18 umferðir + skipting 5/5	22	Jafnar leikjafjöldann en eitt félag situr hjá í hverri umferð
C. 10 lið, tvöföld umferð án skiptingar	18	Einfaldast en tímabilið verður of stutt
D. 12 lið, tvöföld umferð	22	Sú leið sem flestar umsagnir styðja í öllum hópum. Finnland hætti við hana
E. 12 lið, 22 umferðir + skipting 6/6	27	Mesta álagið og þyngst í leikjadagatali
F. 8 lið, þreföld umferð + skipting 4/4	24	Jafnastir leikir en fæst pláss fyrir unga leikmenn
G. 10 lið + úrslitakeppni með tveimur efstu í Lengjudeild	22–24	Jafnar leikjafjöldann, stórir leikir í lokin og tenging við Lengjudeild
H. Óbreytt Besta deild en 12 liða Lengjudeild	23 / 21 og 22	Samræmir lok deildanna og eykur spiltíma ungra leikmanna, en breytir engu efst

Hvert vísa umsagnirnar?

Sextán af átján umsögnum vilja 12 lið. Tíu vilja fella úrslitakeppnina niður. Þrjár vilja halda henni með 12 liðum, en sú leið nýtur ekki stuðnings leikmanna né rétthafa.

Hvert vísa gögnin?

Gögnin styðja ekki fjölgun strax: 2026 var jafnasta tímabilið og tvö neðstu liðin standa þegar að stórum hluta ójöfnu leikjanna.

Tillögur hópsins

Tvær leiðir eru lagðar fyrir stjórn: A óbreytt fyrirkomulag og D, tólf lið í tvöfaldri umferð án úrslitakeppni. Kostir og gallar hvorrar eru á næstu glæru.

Tveir af valkostunum eru fyrirkomulög sem Finnland hvarf frá. Það útilokar hvorugan, en rökstyðja þarf hvers vegna niðurstaðan yrði önnur hér.

Tillögur hópsins: tvær leiðir

Gögnin og rétthafi útsendinga mæla með óbreyttu. Félög, þjálfarar og leikmenn vilja fjölga og einfalda. Hópurinn leggur báðar leiðir fyrir stjórn.

TILLAGA A

Óbreytt fyrirkomulag

10 lið, 18 umferðir og skipting 6/4, 23 eða 21 leikur

Kostir

- Jafnasta tímabilið 2026 og markmiðum frá 2023 að mestu náð
- Hreinir úrslitaleikir og fjögurra stafa aðsókn í þá
- Rétthafi útsendinga mælir með óbreyttu
- Engin áhætta á breidd og engin dagatalsáhætta

- Stækka Lengjudeild í staðinn og byggja upp fleiri lið fyrir stækkun seinna

Gallar

- Fall útkljáð á þremur leikjum en titill á fimm
- Neðri lið klára þrem vikum fyrr
- Gengur gegn 16 af 18 umsögnum
- Aðsókn hefur ekki batnað, 173 í 154

TILLAGA B

12 lið og tvöföld umferð

Engin úrslitakeppni, allir mæta öllum tvisvar, 22 leikir

Kostir

- Jafn leikjafjöldi og sama leikjaskrá fyrir öll lið
- Sú leið sem samráðið vísar á, 16 af 18
- Fleiri íslenskir leikmenn á hæsta stigi
- Passar í tímabilið og klárast fyrir október

Gallar

- Fleiri ójafnir leikir fyrstu tímabilin
- Hreinir úrslitaleikir hverfa
- Ný sæti líklega að hluta erlendir leikmenn
- Lengjudeild missir tvö sterkustu liðin

Ákvörðunin snýst ekki um hvor leiðin sé réttari í gögnunum heldur hvort jafnræði og breidd vega þyngra en mælanleg gæði og markaðsrök.

Tvær viðbótartillögur

Hópurinn mælir með að KSÍ og ÍTF taki tvo þætti til markvissrar skoðunar samhliða ákvörðun um efstu deild.

VIÐBÓTARTILLAGA A

Samræma tímabil Lengjudeildar við Bestu deild

Af hverju

- Lengjudeild lýkur 12. september, fimm til sex vikum á undan Bestu deild
- Leikmenn standa án keppnisleikja vikum saman og lið sem fara upp mæta með minni keppnisreynslu
- Deildin dettur út þegar athyglin er mest og félög fá færri leiki til að afla tekna
- Þetta er algengasta athugasemd félaganna í umsagnarferlinu

Leiðin

Fjölgun í 12 lið gefur 22 leiki og færir lokin fram í miðjan október. Jafnframt þarf að endurskoða 2. deild, sem missir þá tvö sterkustu liðin.

VIÐBÓTARTILLAGA B

Keppnisfyrirkomulag stúlkna eftir 3. flokk

Af hverju

- Brottfall er mikið einmitt á þessum aldri
- Félögin eiga í vandræðum með að sinna aldurshópnum
- Það bitnar á hæfileikamótun og á félagslegum þáttum sem skipta máli á þessum aldri
- Umsagnir nefna að 2. flokkur sé erfiður í framkvæmd og að millistig vanti milli U19 og A landsliðs

Krafan

Markviss vinna sem skilar raunhæfum og tímasettum úrbótatillögum, ekki almennri stefnuyfirlýsingu.

Báðar tillögurnar eiga það sameiginlegt að breyting á efstu deild ein og sér leysir hvorugt vandamálið.

Svör hópsins við spurningunum þremur

Byggt á 1.495 leikjum 2022 til 2026, átján umsögnum hagsmunaaðila, afstöðu rétthafa útsendinga og reynslu Norðurlandanna.

SPURNING 1

Reynslan af núverandi fyrirkomulagi og úrslitakeppninni

- Markmiðin frá 2023 hafa að mestu náðst: deildin er jafnari og 2026 er jafnasta tímabil úrtaksins
- Skiptingin skilaði hreinum úrslitaleikjum 2024 og 2026, en titillinn réðst með 12 leiki eftir 2023 og 2025
- Helsti gallinn er ójafn leikjafjöldi: fall ræðst í þremur leikjum á meðan titill ræðst í fimm

SPURNING 2

Áhrif þess að fjölga liðum úr 10 í 12

- Fjölgun bætir ekki íþróttaleg gæði til skamms tíma og veikir deildina líklega í tvö til þrjú tímabil
- Ávinningurinn er breidd og tækifæri: fleiri félög og fleiri íslenskir leikmenn á hæsta stigi, og 16 af 18 umsögnum styðja fjölgun
- Gengur aðeins upp með tvöfaldri umferð og 22 leikjum.

SPURNING 3

Óbreytt, breytt eða engin úrslitakeppni

- **Hópurinn leggur tvær leiðir fyrir stjórn** fremur en eina
- Tillaga A: óbreytt fyrirkomulag, sem verður að verja ákvörðun um ójafnan leikjafjölda. Stækka Lengjud.
- Tillaga B: 12 lið og tvöföld umferð án úrslitakeppni, sem fellir úrslitaleikina út.